



Fundargerð 11. fundar stjórnar SSA 2. apríl 2019

Fundurinn hófst kl. 10:00 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum.

Mætt voru Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálina Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Jóna Árný Þórðardóttir skrifaði fundargerð.

Gestir fundarins voru eftirfarandi:

Undir lið 1 og 2

Samgöngunefnd SSA

Vegagerðin - Bergþóra Þorkelsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri og Stefán Erlendsson framkvæmdastjóri.

Undir lið 7

Íslandsstofa – Pétur Þorsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu
Austurbrú – Þráinn Lárusson, stjórnarmaður í Austurbrú

Gauti Jóhannesson vék af fundi kl. 14:30 og tók ekki þátt í lið 5 og 6.

Formaður setti fundinn og var gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Fundarliður þar sem stjórnarfundur SSA og fundur samgöngunefndar SSA verða sameinaðir

Gestur fundarliðsins Bergþóra Þorkelsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri og Stefán Erlendsson framkvæmdastjóri.

- Samgönguáætlun – helstu áherslur tengt Austurlandi
- Framkvæmdir og viðhaldsverkefni – verkefni ársins og næstu ára mv. áætlun á Austurlandi
- Hugmyndir um veggjöld – staða mála
- Almenningsamgöngur – staða mála

2. Sterna málið

Gestur fundarliðsins Bergþóra Þorkelsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar og Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður SSA.

Fundum skipt upp eftir þennan fundarlið í fund samgöngunefndar og fund stjórnar SSA

3. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 3.1. Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lögð fram til staðfestingar.
- 3.2. Fundargerðir frá 7. fundi framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
- 3.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 742), SASS (544), Eyþings (318), SSV (144) og SSH (468).
- 3.4. Fundargerð 869. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 15. mars 2019.
- 3.5. Málþing HÍ Laugarvatni
- 3.6. Fundargerð stjórnar SV-AUST 26. Mars 2019

4. Innra starf SSA

4.1. Sóknaráætlun.

4.1.1. Endurskoðun sóknaráætlunar og samráðsvettvangur

- KPMG
- Capacent

Aðalfundur SSA

4.2.1 Fyrirkomulag aðalfundar

4.2.2 Samþykktir

4.3 Svæðisskipulag Austurlands

5 Brothættar byggðir á Borgarfirði

5.1 Skipan í verkefnastjórn f.h. SSA

6. Náttúruvernd og efling byggða

6.1 Drög að samningi við SSA

7. Stefnumótun Íslandsstofu

Gestur fundarliðarins er framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Pétur Þorsteinn Óskarsson
Undir þessum fundarlið kemur stjórnarmaður Austurbrúar inn á fundinn, Þráinn Lárusson.

8. Önnur mál

1. Fundarliður þar sem stjórnarfundur SSA og fundur samgöngunefndar SSA verða sameinaðir

Gestur fundarliðsins Bergþóra Þorkeldsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri og Stefán Erlendsson framkvæmdastjóri.

- Samgönguáætlun – helstu áherslur tengt Austurlandi
Sveinn fór yfir helstu framkvæmdir á Austursvæði í ár. Einnig fór hann yfir helstu stærðir í samgönguáætlun eins og hún stendur núna.
- Framkvæmdir og viðhaldsverkefni – verkefni ársins og næstu ára mv. áætlun á Austurlandi
Sveinn fór yfir helstu framkvæmdir á Austursvæði í ár. Einnig fór hann yfir helstu stærðir í samgönguáætlun eins og hún stendur núna.
- Hugmyndir um veggjöld
Berþóra fór yfir stöðu mála varðandi hugmyndir um veggjöld.
- Almenningsamgöngur
Farið var yfir stöðu mála og næstu skref sem snúa að SV-AUST.

Fundum skipt upp eftir þennan fundarlið í fund samgöngunefndar og fund stjórnar SSA

Gestum fundarins var þakkað fyrir komuna og umræðuna.

2. Sterna málið

Fundaliðurinn var ræddur ítarlega á sérstökum fundi með stjórn SV-AUST fyrir stjórnarfund. Formaður fór yfir umræðuna sem átti sér stað.

Samgöngunefnd fór útaf fundinum og heldur sínum fundi áfram í öðrum sal.

3. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 3.1. Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2018-2019 staðfest
- 3.2. Fundargerðir frá 7. fundi framkvæmdaráðs SSA lögð fram til kynningar.
- 3.3. Fundargerðir stjórnar SSS (nr. 742), SASS (544), Eyþings (318), SSV (144) og SSH (468), lagðar fram til kynningar.
- 3.4. Fundargerð 869. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 15. mars 2019, lögð fram til kynningar.
- 3.5. Málþing HÍ Laugarvatni. Stefán Bogi Sveinsson mun sækja þetta málþing.
- 3.6. Fundargerð stjórnar SV-AUST 26. mars 2019, lögð fram til kynningar.

4. Innra starf SSA

4.1. Sóknaráætlun.

- 4.1.1. Endurskoðun sóknaráætlunar og samráðsvettvangur
 - KPMG – nánari upplýsingar (fundagögn fylgja fundarboði)
 - Capacent – nánari upplýsingar (verður áframsent þegar það kemur frá Capacent)Stjórn óskar eftir því að Austurbrú vinni að gerð nýrrar sóknaráætlunar fyrir SSA. Austurbrú leggi fram verktilloðu til framkvæmdaráðs til frekari skoðunar.

5.2 Aðalfundur SSA

5.2.1 Fyrirkomulag aðalfundar

Formaður og JÁP fór yfir stöðu á undirbúningi aðalfundar. Stjórn samþykktir að aðalfundurinn verði haldinn þann 7. maí og að hann verði haldinn á Egilsstöðum. Stjórn felur framkvæmdaráði að undirbúa fundarboð í samræmi við samþykktir og að kalla til þær undirbúningsnefndir s.s. kjörbréfanefnd og fjárhagsnefnd sem nauðsynlegt er að taki til starfa fyrir fundinn.

5.2.2 Samþykktir

Formaður fór yfir drög að samþykktum. Stjórn samþykktir að breytingar á samþykktum verði lagðar fyrir aðalfund SSA þann 7. maí nk.

5.3 Svæðisskipulag Austurlands

Stjórn SSA stefnir að því Austurbrú taki við umsýslu verkefnisins á þeim tímapunkti þegar það hentar fyrir framgang þess.

5 Brothættar byggðir á Borgarfirði.

5.2 Skipan í verkefnastjórn f.h. SSA

Stjórn skipar Stefán Boga Sveinsson í verkefnastjórn Brothættra byggða á Borgarfirði eystri.

6. Náttúruvernd og efling byggða.

6.2 Drög að samningi við SSA

Stjórn felur formanni að ganga frá samningi.

7. Stefnumótun Íslandsstofu

Gestur fundarliðarins er framkvæmdastjóri Íslandsstofu, Pétur Þorsteinn Óskarsson. Undir þessum fundarlið kemur stjórnarmaður Austurbrúar inn á fundinn, Þráinn Lárusson.

Formaður bauð gesti fundarliðsins velkomna.

Miklar umræður fóru fram á fundinum um markaðssetningu landshlutans, stöðu fjárfestinga á svæðinu og þjónustu Íslandsstofu.

Stjórn þakkar Pétri og Þránni fyrir komuna og umræðuna á fundinum.

8. Önnur mál

- Samningur við Austurbrú

Formaður fór yfir að búið sé að undirrita framlengingu á samningi við Austurbrú framyfir aðalfund SSA og ársfund Austurbrúar.

- Landsþing sambandsins

Formaður og þeir sem sátu þingið fóru yfir þau málefni sem fram komu á þingi. Rætt var um húsnæðismálin, samgöngumál o.fl.

- Málefni jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Stjórn SSA tekur heilshugar undir ályktun landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem samþykkt var þann 26. Mars 2019.

Samþykkt landsþingsins er í heild sinni eftirfarandi:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga krefst þess að þau óásættanlegu áform sem fram koma í fyrirbyggjandi tillögu að fjármálaáætlun ríkisins fyrir árin 2020-2024 um að skerða framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga næstu tvö ár um 3,3 ma.kr. verði dregin til baka.

Landsþingið minnir á að í 11. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um að við mótun fjármálaáætlunar skuli ráðherra leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Engar viðræður fóru fram um málið heldur var fulltrúum sveitarfélaga tilkynnt um þessa ákvörðun. Landsþingið telur vinnubrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins í málinu vera með öllu óásættanleg enda væri þannig verið að skapa hættulegt fordæmi um að ríkisvaldið grípi



einhlíða inn í lögbundna tekjustofna sveitarfélaga. Ljóst er jafnframt að fyrirhuguð skerðing framлага jöfnunarsjóðs kemur misjafnlega niður á sveitarfélögum og bitnar harðast á sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Landsþing sambandsins fer fram á að ríkisstjórnin og Alþingi tryggi að samskipti ríkis og sveitarfélaga verði á jafnræðisgrundvelli þar sem virðing og traust ríki á milli aðila. Slík samskipti hafa verið að byggjast upp undanfarin ár með góðum árangri, en er nú ógnað af hálfu ríkisins með því frumhlaupi sem landsmenn hafa orðið vitni að í þessu máli.

Landsþingið lýsir sambandið engu að síður tilbúið í viðræður um málið

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson